

Fundargerð 3. fundar, starfshóps um mótun framtíðarstefnu um notkun St. Jósefsspítala.

Ár 2017, þriðjudaginn 8. ágúst, kl. 07:00 kom starfshópur um mótun framtíðarstefnu um notkun St. Jósefsspítala saman. Mætt eru, Karl Guðmundsson, Sigríður Björk Jónsdóttir og Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir ásamt starfsmanni og verkefnastjóra hópsins Sigríði Kristinsdóttur sem ritar fundargerð. Guðrún Berta Daníelsdóttir boðaði forföll vegna veikinda.

Farið var til Ísafjarðar og með í för er bæjarstjóri Haraldur L. Haraldsson.

Á Ísafirði tóku á móti hópnum, Jóna Símónía Bjarnadóttir, forstöðumaður Safnahúss Ísafjarðar, Jón Sigurpálsson forstöðumaður/safnvörður og Dagný Arnalds, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar

Hópurinn skoðaði Safnahúsið Ísafirði sem er í gamla sjúkrahúsinu, er er nú bóksafn, héraðsskjalasafn. listasafn og ljósmyndasafn Ísafjarðar. Þá var skoðað Edinborgarhúsið þar sem menningarmiðstöðin Edinborg er með höfuðstöðvar og er eitt af menningarhúsum Ísafjarðarbæjar. Þá var hús Húsmæðraskólans Óskar skoðað, en það er nú hús Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Næsti fundur starfshópsins verður mánudaginn 14. ágúst n.k. kl. 16:30.

Fundi slitið kl. 20:30